

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (Staðlarnir)

Inngangur að stöðlunum

Innri endurskoðun fer fram í margvíslegu lagaumhverfi og menningarheimum, hjá fyrirtækjum sem hafa mismunandi tilgang og eru breytileg að stærð, uppbyggingu og flækjustigi, og hún er unnin af einstaklingum innan eða utan fyrirtækis. Þótt slíkur mismunur geti haft áhrif á það hvernig innri endurskoðun er framkvæmd í viðkomandi umhverfi, þá er samkvæmni við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun útgefnu af IIA („*staðlarnir*“) nauðsynleg til að uppfylla starfsskyldur innri endurskoðenda og innri endurskoðunar.

Tilgangur *staðlanna* er að:

1. Leiðbeina um það hvernig framfylgja má ófrávíkjanlegum hluta alþjóðlegs ramma um innri endurskoðun.
2. Skapa umgjörð til að framkvæma og efla margvíslega virðisaukandi innri endurskoðunarþjónustu.
3. Skapa grundvöll fyrir mat á frammistöðu innri endurskoðunar.
4. Stuðla að endurbótum á ferlum og rekstri fyrirtækja.

Staðlarnir eru safn ófrávíkjanlegra ákvæða, sem byggja á meginreglum og samanstanda af:

- Ákvæðum um grunnkröfur um faglega framkvæmd innri endurskoðunar og mat á árangri hennar, sem hafa alþjóðlegt gildi bæði gagnvart fyrirtækjum og einstaklingum.
- Túlkunum til skýringar á orðanotkun eða hugtökum í *stöðlunum*.

Staðlarnir, ásamt siðareglunum, ná til allra ófrávíkjanlegra ákvæða í alþjóðlegum ramma um innri endurskoðun. Samkvæmni við siðareglurnar og *staðlana* felur því í sér samkvæmni við ófrávíkjanlegan hluta alþjóðlegs ramma um innri endurskoðun.

Staðlarnir byggja á hugtökum eins og þau eru skilgreind sérstaklega í hugtakalistanum. Nauðsynlegt er að skoða þessar skilgreindu merkingar í hugtakalistanum til að skilja og beita *stöðlunum* rétt. Auk þess er sérstök athygli vakin á því að í *stöðlunum* er orðið „skal“ notað til þess að auðkenna ófrávíkjanlega kröfu og orðið „ætti“ þar sem ætlast er til samkvæmni, nema í þeim tilvikum þegar faglegt mat á aðstæðum réttlætir frávik.

Staðlarnir samanstanda af tveimur meginflokkum: Eigindastöðlum og verklagsstöðlum. Eigindastaðlar lúta að eiginleikum þeirra aðila og einstaklinga sem framkvæma innri endurskoðun. Verklagsstaðlar lýsa eðli innri endurskoðunar og setja fram gæðaviðmið sem hægt er að beita til þess að mæla frammistöðu þessarar þjónustu. Eigindastaðlar og verklagsstaðlar gilda um alla innri endurskoðunarþjónustu.

Innleiðingarstaðlar útvíkka eiginda- og verklagsstaðlana með því að skilgreina kröfur sem eiga við um staðfestingarvinnu (.A) eða ráðgjafarþjónustu (.C).

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

Staðfestingarvinna felur í sér hlutlægt mat innri endurskoðandans á gögnum til þess að gefa álit eða niðurstöður um rekstrareiningu, rekstur, starfsemi, ferli, kerfi eða aðra efnisþætti. Eðli og umfang staðfestingarverkefna er ákvarðað af innri endurskoðandanum. Almennt koma þrjár aðilar að staðfestingarvinnu: (1) einstaklingurinn eða hópurinn sem tengist með beinum hætti rekstrareiningunni, rekstrinum, starfseminni, ferlinu, kerfinu eða öðrum efnisatriðum — ferileigandinn, 2) einstaklingurinn eða hópurinn sem vinnur matið — innri endurskoðandinn og (3) einstaklingurinn eða hópurinn sem nýtir sér matið — notandinn.

Ráðgjafarþjónusta er ráðgefandi í eðli sínu og er almennt veitt samkvæmt beiðni viðskiptavinar. Eðli og umfang ráðgjafarverkefnis er háð samkomulagi við viðskiptavininn. Almennt koma tveir aðilar að ráðgjafarþjónustu: (1) einstaklingurinn eða hópurinn sem veitir ráðgjöf — innri endurskoðandinn og (2) einstaklingurinn eða hópurinn sem leitar eftir og fær ráðgjöfina — viðskiptavinurinn. Innri endurskoðandi skal halda hlutlægni þegar hann veitir ráðgjöf og ekki taka á sig ábyrgð stjórnenda.

Staðlarnir gilda um einstaka innri endurskoðendur og starfsemi innri endurskoðunar. Allir innri endurskoðendur eru ábyrgir fyrir því að fylgja *stöðlunum* hvað varðar hlutlægni einstaklinga, hæfni og fagmennsku, og þeim *stöðlum* sem snúa að starfsskyldum þeirra. Yfirmenn innri endurskoðunar eru auk þess ábyrgir fyrir heildarsamkvæmni innri endurskoðunardeildar við *staðlana* í heild sinni.

Ef innri endurskoðendum eða innri endurskoðun er bannað með lögum eða reglum að vinna í samræmi við tiltekin ákvæði *staðlanna*, þá þarf engu að síður að fylgja öllum öðrum ákvæðum *staðlanna* og upplýsa um frávik með viðeigandi hætti.

Ef *stöðlunum* er beitt samhliða kröfum frá öðrum þar til bærum aðilum má, eftir því sem við á, einnig vísa til þeirra krafna í innri endurskoðunarskýrslum. Í slíkum tilvikum, og ef innri endurskoðunin er í samræmi við *staðlana* og ósamræmi er á milli *staðlanna* og annarra krafna, skulu innri endurskoðendur og innri endurskoðunardeildin fylgja ákvæðum *staðlanna* og mega fylgja hinum kröfunum ef þær setja þrengri skorður.

Þróun og endurskoðun *staðlanna* er stöðugt ferli. Alþjóðlega staðlaráðið¹ tekur þátt í umfangsmiklu samráði og umræðum áður en *staðlarnir* eru gefnir út. Liður í því er formlegt umsagnarferli á heimsvísu um birt drög að *stöðlunum*. Öll birt drög að *stöðlunum* eru birt á vef Alþjóðasamtaka innri endurskoðenda (IIA) auk þess sem þeim er dreift til allra aðildarféлага IIA.

Tillögur og ábendingar varðandi *staðlana* má senda til:

The Institute of Internal Auditors
Standards and Guidance
1035 Greenwood Blvd, Suite 401
Lake Mary, FL 32746, USA

Netfang: guidance@theiia.org

Veffang: www.globaliia.org

¹ The International Internal Audit Standards Board.

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun

Eigindastaðlar

1000 – Tilgangur, heimildir og ábyrgð

Tilgangur, heimildir og ábyrgð innri endurskoðunardeildarinnar skal vera skilgreind með formlegum hætti í erindisbréfi innri endurskoðunar, í samræmi við hlutverk innri endurskoðunar og bindandi ákvæði alþjóðlegs ramma um innri endurskoðun (grunnreglur faglegrar innri endurskoðunar, siðareglurnar, *staðlana* og skilgreininguna á innri endurskoðun). Yfirmaður innri endurskoðunar skal reglulega yfirfara erindisbréf innri endurskoðunar og leggja fyrir stjórnendur og stjórn fyrirtækis til samþykktar.

Túlkun:

Erindisbréf innri endurskoðunar er formlegt skjal sem skilgreinir tilgang innri endurskoðunar, heimildir og ábyrgð. Erindisbréf innri endurskoðunar staðfestir staðsetningu innri endurskoðunar í skipuriti fyrirtækisins, þ.m.t. eðli boðleiða milli yfirmanns innri endurskoðunar og stjórnar, veitir heimildir til aðgangs að gögnum, starfsmönnum og áþreifanlegum eignum sem máli skipta fyrir framkvæmd úttekta og skilgreinir umfang verkefna innri endurskoðunar. Endanleg staðfesting erindisbréfs innri endurskoðunar er í höndum stjórnar.

1000.A1 – Eðli þeirrar staðfestingarvinnu sem innri endurskoðun er ætlað að inna af hendi skal koma fram í erindisbréfi innri endurskoðunar. Ef veita á ytri aðilum staðfestingar, skal einnig skilgreina eðli slíkra staðfestinga í erindisbréfi innri endurskoðunar.

1000.C1 – Eðli ráðgjafarþjónustu skal vera skilgreint í erindisbréfi innri endurskoðunar.

1010 – Viðurkenning ófrávíkjanlegra leiðbeininga í erindisbréfi innri endurskoðunar á

Ófrávíkjanleiki grunnreglna faglegrar innri endurskoðunar, siðareglanna, *staðlanna* og skilgreiningarinnar á innri endurskoðun skal vera viðurkenndur í erindisbréfi innri endurskoðunar. Yfirmaður innri endurskoðunar ætti að ræða við stjórnendur og stjórn um hlutverk innri endurskoðunar og ófrávíkjanlegan hluta alþjóðlegs ramma um innri endurskoðun.

1100 – Óhæði og hlutlægni

Innri endurskoðun skal vera óháð, og innri endurskoðendur skulu gæta hlutlægni í störfum sínum.

Túlkun:

Óhæði er að vera laus við aðstæður sem ógna getu innri endurskoðunardeildar til að sinna skyldum innri endurskoðunar á óhlutdrægan hátt. Nægilegt óhæði, til að geta á skilvirkan hátt framfylgt starfsskyldum innri endurskoðunardeildar, felur í sér að yfirmaður innri endurskoðunar hafi milliliðalaus og óheftan aðgang að stjórnendum og stjórn. Þessu er hægt að ná fram með tvískiptum boðleiðum. Ef hætta er á að óhæði sé skert skal takast á við það varðandi viðkomandi innri endurskoðanda, úttekt, starfsemi eða skipulag.

Hlutlægni er óhlutdrægt viðhorf sem gerir innri endurskoðendum kleift að framkvæma úttektir á þann hátt að þeir hafi trú á niðurstöðum vinnu sinnar og að málamiðlanir hafi ekki verið

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

gerðar hvað varðar gæði. Hlutlægni gerir þá kröfu til innri endurskoðenda að þeir feli ekki öðrum að leggja mat á álitaefni fyrir sína hönd. Ef hætta er á að hlutlægni sé skert skal takast á við það varðandi viðkomandi innri endurskoðanda, úttekt, starfsemi eða skipulag.

1110 – Stjórnskipulagslegt óhæði

Yfirmaður innri endurskoðunar skal heyra undir stjórnskipulagsstig, sem gerir innri endurskoðunardeild kleift að uppfylla skyldur sínar. Yfirmaður innri endurskoðunar skal eigi sjaldnar en árlega staðfesta við stjórnina stjórnskipulagslegt óhæði innri endurskoðunardeildar.

Túlkun:

Stjórnskipulagslegu óhæði er náð þegar yfirmaður innri endurskoðunar hefur beinar starfslegar boðleiðir til stjórnar. Dæmi um slíkar boðleiðir eru þegar stjórn:

- Samþykkir erindisbréf innri endurskoðunar;
- Samþykkir áhættumiðaða innri endurskoðunaráætlun;
- Samþykkir rekstraráætlun innri endurskoðunar og auðlindaáætlun;
- Fær upplýsingar frá yfirmanni innri endurskoðunar um árangur innri endurskoðunar miðað við áætlun hennar og önnur mál;
- Samþykkir ákvarðanir um skipun og brottvikningu yfirmanns innri endurskoðunar;
- Samþykkir starfskjör yfirmanns innri endurskoðunar; og
- Beinir viðeigandi fyrirspurnum til stjórnenda og yfirmanns innri endurskoðunar til að ákvarða hvort til staðar séu óviðeigandi takmarkanir á umfangi eða auðlindum.

1110.A1 – Innri endurskoðunardeild skal vera laus við afskipti varðandi ákvörðun á umfangi innri endurskoðunar, framkvæmd verkefna, og miðlun niðurstaðna. Yfirmaður innri endurskoðunar skal upplýsa stjórnina um slík afskipti og ræða áhrif þeirra.

1111 – Bein samskipti við stjórn

Yfirmaður innri endurskoðunar skal miðla upplýsingum beint til stjórnar og vera í beinum samskiptum við hana.

1112 – Hlutverk yfirmanns innri endurskoðunar, önnur en þau sem tengjast innri endurskoðun

Í tilfellum þar sem yfirmaður innri endurskoðunar hefur eða þess er vænst að hann hafi hlutverk og/eða skyldur sem falla utan sviðs innri endurskoðunar, skulu öryggisráðstafanir að vera fyrir hendi til að minnka líkurnar á skertu óhæði eða hlutlægni.

Túlkun:

Yfirmaður innri endurskoðunar gæti verið beðinn um að taka að sér viðbótarhlutverk og skyldur sem falla utan sviðs innri endurskoðunar, t.d. að bera ábyrgð á aðgerðum sem tengjast regluvörslu eða áhættustýringu. Þessi hlutverk eða skyldur kunna að draga úr, eða kunna að virðast draga úr, stjórnskipulagslegu óhæði innri endurskoðunardeildarinnar eða einstaklingsbundinni hlutlægni innri endurskoðandans. Öryggisráðstafanir felast í eftirliti, gjarnan á höndum stjórnar, sem snýr að hugsanlegri skerðingu. Aðgerðirnar geta t.d. verið reglubundnar athuganir á boðleiðum og skyldum og þróun á öðrum staðfestingarferlum sem tengjast sviðum þar sem aukin ábyrgð er fyrir hendi.

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

1120 – Hlutlægni einstaklinga

Innri endurskoðendur skulu tileinka sér óhlutdrægt og fordómalaust viðhorf og forðast hvers kyns hagsmunaárekstra.

Túlkun:

Hagsmunaárekstur er aðstæður þar sem innri endurskoðandi, sem nýtur trausts, hefur faglega eða persónulega hagsmuni sem rekast á. Slíkir andstæðir hagsmunir geta gert viðkomandi erfitt að uppfylla starfsskyldur sínar á óhlutdrægan hátt. Hagsmunaárekstur er til staðar jafnvel þótt enginn ósýðlegur eða ótilhlýðilegur verknaður hljóti af. Hagsmunaárekstur getur leitt til þess að svo virðist sem ótilhlýðilegt fyrirkomulag sé til staðar, sem grafið getur undan tiltrú á innri endurskoðandanum, innri endurskoðunardeildinni og faggreininni. Hagsmunaárekstur getur dregið úr getu einstaklings til að sinna starfsskyldum sínum á hlutlægan hátt.

1130 – Skert óhæði eða hlutlægni

Ef óhæði eða hlutlægni skerðast í reynd eða að því er virðist, skal upplýsa viðeigandi aðila nánar um það. Það fer eftir eðli málsins á hvaða hátt upplýst er um skerðinguna.

Túlkun:

Skerðing á stjórnskipulagslegu óhæði og hlutlægni einstaklinga getur falið í sér, en takmarkast ekki við, persónulega hagsmunaárekstra, skorður á umfangi, takmörkunum á aðgangi að gögnum, starfsmönnum eða eignum, og takmörkuðum auðlindum, svo sem fjármunum.

Ákvörðun um það hverjir skuli vera upplýstir um ástæður fyrir skerðingu á óhæði eða hlutlægni er háð væntingum til og starfsskyldum innri endurskoðunar og yfirmanns innri endurskoðunar gagnvart stjórnendum og stjórn eins og þeim er lýst í erindisbréfi innri endurskoðunar, og einnig eftir því hvers eðlis skerðingin er.

1130.A1 – Innri endurskoðendur skulu forðast að leggja mat á starfsemi sem þeir hafa áður verið ábyrgir fyrir. Hlutlægni telst skert ef innri endurskoðandi vinnur staðfestingarvinnu á starfsemi sem hann var ábyrgur fyrir innan nýliðins árs.

1130.A2 – Staðfestingarverkefni vegna verkefna sem yfirmaður innri endurskoðunar ber ábyrgð á skulu vera undir eftirliti aðila sem er utan innri endurskoðunar.

1130.A3 – Innri endurskoðunardeildin má sinna staðfestingarvinnu þar sem hún sinnti áður ráðgjafarþjónustu, að því gefnu að eðli ráðgjafarinnar hafi ekki skert hlutlægni hennar og að því gefnu að hugað sé að hlutlægni einstaklinga þegar auðlindum er úthlutað í úttekt.

1130.C1 – Innri endurskoðendur geta veitt ráðgjöf sem tengist starfssviði sem þeir hafa áður borið ábyrgð á.

1130.C2 – Ef hugsanlegt er að óhæði eða hlutlægni innri endurskoðenda í tengslum við áformað ráðgjafarverkefni sé skert skal upplýsa viðskiptavininn um það áður en samþykkt er að fara í verkefnið.

1200 – Hæfni og fagmennska

Úttektir skulu vera unnar af hæfni og fagmennsku.

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

1210 – Hæfni

Innri endurskoðendur skulu hafa þá þekkingu, þjálfun og aðra færni sem þarf til að þeir geti sinnt starfsskyldum sínum. Innri endurskoðunardeildin sem heild skal búa yfir eða verða sér úti um þá þekkingu, þjálfun og aðra færni sem þörf er á til þess að hún geti sinnt starfsskyldum sínum.

Túlkun:

Hæfni er yfirhugtak sem felur í sér þá þekkingu, þjálfun og aðra færni sem krafist er af innri endurskoðendum til að þeir geti sinnt starfsskyldum sínum á árangursríkan hátt. Hæfni felur í sér að taka til athugunar núverandi aðgerðir, tilhneigingar og vandamál sem upp gætu komið, til að geta veitt viðeigandi ráðleggingar og ábendingar. Innri endurskoðendur eru hvattir til að sýna hæfni sína með því að afla sér viðeigandi fagvottunar og réttinda, svo sem Certified Internal Auditor fagvottunarinnar og annarra viðurkenninga sem alþjóðasamtök innri endurskoðenda (The Institute of Internal Auditors) og önnur viðeigandi fagfélög hafa upp á að bjóða.

1210.A1 – Yfirmaður innri endurskoðunar skal afla þar til bærrar ráðgjafar og aðstoðar ef innri endurskoðendur skortir þekkingu, þjálfun eða aðra færni sem þarf til þess að framkvæma úttekt að hluta til eða að öllu leyti.

1210.A2 – Innri endurskoðendur skulu hafa nægilega þekkingu til þess að meta misferlisáhættu og hvernig slíkri áhættu er mætt innan fyrirtækisins. Ekki er þó ætlast til þess að þeir búi yfir þeirri sérfræðiþekkingu sem nauðsynleg er einstaklingi með það að meginstarfi að koma upp um og rannsaka misferli.

1210.A3 – Innri endurskoðendur skulu hafa nægilega þekkingu á helstu áhættuþáttum og eftirlitsaðgerðum sem tengjast upplýsingatækni, ásamt þeim tölvuvæddu endurskoðunaraðgerðum sem hægt er að beita í endurskoðunarverkefnum sem þeim eru falin. Hins vegar er ekki ætlast til þess að allir innri endurskoðendur hafi sömu sérfræðiþekkingu og þeir innri endurskoðendur sem hafa það að meginstarfi að endurskoða upplýsingakerfi.

1210.C1 – Yfirmaður innri endurskoðunar skal hafna beiðni um ráðgjöf eða afla sér fullnægjandi ráðgjafar og aðstoðar ef innri endurskoðendur skortir þekkingu, þjálfun eða aðra færni sem þarf til þess að vinna verkefnið að hluta eða öllu leyti.

1220 – Fagmennska

Innri endurskoðendur skulu sýna fagmennsku og hæfni sem búast má við af tiltölulega varfærum og hæfum innri endurskoðanda. Fagmennska þýðir ekki að viðkomandi sé óskekikull.

1220.A1 – Innri endurskoðendur skulu sýna fagmennsku með því að meta:

- Umfang vinnu sem þörf er á til þess að ná markmiðum úttektar;
- Hlutfallslegt flækjustig, mikilvægi eða gildi mála sem staðfestingarverkefni beinast að;
- Hvort stjórnarhættir, áhættustýring og eftirlitsferli séu fullnægjandi og árangursrík;
- Líkur á verulegum skekkjum, misferli eða ósamkvæmni; og
- Kostnað við staðfestingar í samanburði við mögulegan ávinning.

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

1220.A2 – Til að gæta fagmennsku skulu innri endurskoðendur huga að notkun tölvuvæðdra endurskoðunaraðgerða og annarra aðferða til gagnagreiningar.

1220.A3 – Innri endurskoðendur skulu vera vakandi fyrir mikilvægum áhættuþáttum sem kunna að hafa áhrif á markmið, rekstur eða auðlindir. Hins vegar tryggir staðfestingarúttekt ein og sér ekki að borin hafi verið kennsl á alla mikilvæga áhættu, jafnvel þótt framkvæmd sé af fagmennsku.

1220.C1 – Innri endurskoðendur skulu sýna fagmennsku meðan á ráðgjafarverkefni stendur með því að meta:

- Þarfir og væntingar viðskiptavina, þar með talið eðli, tímasetning og miðlun á niðurstöðum;
- Hlutfallslegt flækjustig og umfang vinnu sem þörf er á til þess að ná markmiðum verkefnisins; og
- Kostnaður við ráðgjafarverkefni í samanburði við mögulegan ávinning.

1230 – Símenntun

Innri endurskoðendur skulu auka við þekkingu sína, þjálfun og aðra færni með símenntun.

1300 – Gæðakerfi og stöðugar úrbætur

Yfirmaður innri endurskoðunar skal koma á og viðhalda gæðakerfi og stöðugum úrbótum sem nái til allra þátta í starfsemi innri endurskoðunar.

Túlkun:

Gæðakerfi og stöðugum úrbótum er komið á fót til þess að unnt sé að meta hvort innri endurskoðun fylgi stöðlunum og leggja mat á hvort innri endurskoðendur fylgi siðareglunum. Kerfið leggur einnig mat á skilvirkni og árangur innri endurskoðunar og leiðir í ljós tækifæri til úrbóta. Yfirmaður innri endurskoðunar ætti að hvetja stjórnina til að hafa eftirlit með gæðakerfinu og stöðugum úrbótum.

1310 – Kröfur til gæðakerfis og stöðugra úrbóta

Innra og ytra mat þarf að vera hluti af gæðakerfi og stöðugum úrbótum.

1311 – Innra mat

Innra mat skal fela í sér:

- Stöðugt eftirlit með frammistöðu innri endurskoðunardeildarinnar.
- Reglulegt sjálfsmat eða mat annarra einstaklinga innan fyrirtækisins með fullnægjandi þekkingu á framkvæmd innri endurskoðunar.

Túlkun:

Stöðugt eftirlit er nauðsynlegur þáttur í daglegri verkstjórn, yfirferð og mælingu á innri endurskoðun. Stöðugt eftirlit er innbyggt í stefnur og venjur sem notaðar eru við stjórnun innri endurskoðunar og styðst við ferli, verkfæri og upplýsingar sem nauðsyn er á til að meta samkvæmni við siðareglurnar og staðlana.

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (Staðlarnir)

Reglulegt mat er framkvæmt til að meta samkvæmni við siðareglurnar og staðlana.

Fullnægjandi þekking á framkvæmd innri endurskoðunar krefst að lágmarki skilnings á öllum þáttum alþjóðlegra staðla um innri endurskoðun.

1312 – Ytra mat

Ytra mat skal framkvæma eigi sjaldnar en á fimm ára fresti af hæfum, óháðum matsmanni eða matsteymi utan fyrirtækisins. Yfirmaður innri endurskoðunar skal ræða við stjórn fyrirtækisins um:

- Form og tíðni ytra mats.
- Hæfni og óhæði ytri matsmannsins eða matsteymisins, þar með talið hvers konar mögulega hagsmunaárekstra.

Túlkun:

Ytra mat getur falið í sér fullt ytra mat eða sjálfsmat með óháðri ytri staðfestingu. Ytri matsmaður skal skera úr um hvort fyrir hendi er samkvæmni við siðareglurnar og staðlana; hið ytra mat getur einnig falið í sér ábendingar sem tengjast starfsemi og markmiðum.

Hæfur matsmaður eða matsteymi býr yfir færni á tveimur sviðum: Faglegri framkvæmd innri endurskoðunar og ytra matsferli. Færni getur samanstðið af samblandi af reynslu og fræðilegu námi. Reynsla sem er til komin í fyrirtækjum sem eru sambærileg að stærð, flækjustigi, geira eða atvinnugrein og tæknilegum þáttum er meira virði en minna viðeigandi reynsla. Þegar um matsteymi er að ræða er ekki nauðsynlegt að allir meðlimir þess búi yfir allri færni, heldur er það teymið sem heild sem er hæft. Yfirmaður innri endurskoðunar beitir faglegri dómgreind til að meta hvort matsmaður eða matsteymi sýnir fram á fullnægjandi færni til að teljast hæft.

Óháður matsmaður eða matsteymi þýðir að ekki er til staðar hagsmunaárekstur í raun eða að því er virðist og að viðkomandi sé ekki hluti af eða lúti stjórn fyrirtækisins sem innri endurskoðunardeildin tilheyrir. Yfirmaður innri endurskoðunar ætti að hvetja stjórnina til að hafa eftirlit með ytra mati til að draga úr því hagsmunaárekstrar komi upp í raun eða virðist koma upp.

1320 – Skýrslugjöf um gæðakerfi og stöðugar úrbætur

Yfirmaður innri endurskoðunar skal upplýsa stjórnendur og stjórn um niðurstöður úr gæðakerfi og stöðugum úrbótum. Upplýsa ætti um:

- Umfang og tíðni bæði innra og ytra mats.
- Hæfni og óhæði matsmannsins/matsmannanna eða matsteymisins, þar með talið hvers kyns hugsanlega hagsmunaárekstra.
- Niðurstöður matsmannanna.
- Áætlanir um aðgerðir til úrbóta.

Túlkun:

Form, innihald og tíðni skýrslna um niðurstöður gæðamats og kerfis stöðugra úrbóta er ákveðið eftir viðræður við stjórnendur og stjórn og að teknu tilliti til starfsskyldna innri endurskoðunardeildar og yfirmanns innri endurskoðunar eins og þær koma fram í erindisbréfi innri endurskoðunar. Til að sýna fram á samkvæmni við siðareglurnar og

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

staðlana er greint frá niðurstöðum ytri úttekta og reglubundinna innri úttekta þegar þeim lýkur og greint er frá niðurstöðum úr stöðugu eftirliti a.m.k. einu sinni á ári. Niðurstöðurnar hafa að geyma mat matsmannsins eða matsteymisins á því hversu mikil samkvæmnin er.

1321 – Notkun á „í samræmi við Alþjóðlega staðla um innri endurskoðun“

Aðeins má gefa til kynna að innri endurskoðunin sé unnin í samræmi við *Alþjóðlega staðla um innri endurskoðun* ef niðurstöður úr gæðakerfi og stöðugum úrbótum styðja slíka fullyrðingu.

Túlkun:

Innri endurskoðunardeildin vinnur samkvæmt siðareglunum og stöðlunum þegar starf hennar leiðir til þeirrar útkomu sem lýst er í þeim skjölum. Niðurstöður úr gæðakerfi og stöðugum úrbótum eru bæði niðurstöður úr innra og ytra mati. Allar innri endurskoðunardeildir munu búa yfir niðurstöðum úr innra mati. Innri endurskoðunardeildir, sem hafa verið starfræktar í að minnsta kosti fimm ár, munu einnig búa yfir niðurstöðum úr ytra mati.

1322 – Upplýst um ósamkvæmni

Ef ósamkvæmni við siðareglurnar eða *staðlana* hefur áhrif á heildarumfang eða starfsemi innri endurskoðunardeildar skal yfirmaður innri endurskoðunar upplýsa stjórnendur og stjórn um ósamkvæmnina og áhrif hennar.

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

Verklagsstaðlar

2000 – Stjórnun innri endurskoðunardeildar

Yfirmaður innri endurskoðunar skal stjórna starfsemi innri endurskoðunar á skilvirkan hátt þannig að hún skili fyrirtækinu virðisauka.

Túlkun:

Innri endurskoðunardeild er stjórnað á skilvirkan hátt þegar:

- *Hún nær þeim tilgangi og er í samræmi við þá ábyrgð sem kveðið er á um í erindisbréfi innri endurskoðunar.*
- *Hún er í samræmi við staðlana.*
- *Starfsmenn hennar starfa hver um sig í samkvæmni við siðareglurnar og staðlana.*
- *Hún tekur tillit til þróunar og nýrra viðfangsefna sem upp gætu komið og haft áhrif á fyrirtækið.*

Innri endurskoðunardeildin er virðisaukandi fyrir fyrirtækið og hagsmunaaðila þess þegar hún tekur tillit til stefnu, markmiða og áhættu, leitast við að stinga upp á leiðum til að bæta stjórnarhætti, áhættustýringu og eftirlitsferli og þegar hún veitir hlutlæga og viðeigandi staðfestingu.

2010 – Áætlanagerð

Yfirmaður innri endurskoðunar skal koma á áhættumiðaðri áætlun til að ákvarða forgangs röðun verkefna innri endurskoðunar í samræmi við meginmarkmið fyrirtækisins.

Túlkun:

Við þróun áhættumiðaðrar áætlunar hefur yfirmaður innri endurskoðunar samráð við stjórnendur og stjórn til að öðlast skilning á stefnu fyrirtækisins, helstu rekstrarmarkmiðum, tengdri áhættu og áhættustýringarferlum. Yfirmaður innri endurskoðunar skal yfirfara og uppfæra áætlun, eins og þörf krefur, til að bregðast við breytingum á starfsemi fyrirtækisins, áhættu, rekstri, verkefnum, kerfum og eftirlitsþáttum.

2010.A1 – Verkefnaáætlun innri endurskoðunar skal vera gerð á grundvelli skjalfests áhættumats, sem gert er a.m.k. árlega. Taka skal tillit til framlags stjórnenda og stjórnar í þessu ferli.

2010.A2 – Yfirmaður innri endurskoðunar skal kynna sér og taka tillit til væntinga stjórnenda, stjórnar og annarra hagsmunaaðila varðandi álit og aðrar niðurstöður innri endurskoðunar.

2010.C1 – Yfirmaður innri endurskoðunar ætti að taka til athugunar að samþykkja ráðgjafarverkefni þegar slíkt verkefni er líklegt til þess að bæta áhættustýringu, vera virðisaukandi og bæta rekstur fyrirtækisins. Samþykkt verkefni skulu koma fram í áætluninni.

2020 – Kynning og samþykki

Yfirmaður innri endurskoðunar skal koma verkefnaáætlun innri endurskoðunar og þörf fyrir auðlindir, þ.m.t. verulegar breytingar sem verða innan tímabils, á framfæri við stjórnendur og

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

stjórn til yfirferðar og samþykktar. Yfirmaður innri endurskoðunar skal einnig upplýsa um áhrif af takmörkunum á auðlindum.

2030 – Stjórnun auðlinda

Yfirmaður innri endurskoðunar skal tryggja að auðlindir innri endurskoðunar séu viðeigandi, nægilegar og ráðstafað á skilvirkan hátt til þess að ná settri áætlun.

Túlkun:

Með orðinu viðeigandi er átt við blöndu af þekkingu, reynslu og annarri færni sem þörf er á til þess að framkvæma áætlunina. Nægilegt vísar til magns auðlinda sem þarf til þess að framkvæma áætlunina. Auðlindum telst ráðstafað á skilvirkan hátt þegar þær eru notaðar þannig að það hámarki árangur samþykkrar áætlunar.

2040 – Stefnuskjöl og verklagsreglur

Yfirmaður innri endurskoðunar skal móta stefnu og verklagsreglur til leiðbeiningar þeim sem vinna við innri endurskoðun.

Túlkun:

Form og innihald stefnu og verklagsreglna er háð stærð og uppbyggingu innri endurskoðunardeildarinnar og hversu flókin viðfangsefni hennar eru.

2050 – Samhæfing og traust

Yfirmaður innri endurskoðunar ætti að miðla upplýsingum, samhæfa störf og íhuga að reiða sig á framlag annarra innri og ytri aðila sem sinna staðfestingar- og ráðgjafarþjónustu til að tryggja viðeigandi yfirferð og lágmarka tvíverknað.

Túlkun:

Þegar störf eru samhæfð getur yfirmaður innri endurskoðunar reitt sig á framlag annarra aðila sem sinna staðfestingar- og ráðgjafarþjónustu. Koma ætti á samræmdu ferli við að byggja á vinnu annarra og yfirmaður innri endurskoðunar ætti að taka til athugunar færni, hlutlægni og fagmennsku aðila sem sinna staðfestingar- og ráðgjafarþjónustu. Yfirmaður innri endurskoðunar ætti einnig að hafa góðan skilning á umfangi, markmiðum og niðurstöðum vinnu annarra aðila sem sinna staðfestingarvinnu og ráðgjafarþjónustu. Þegar byggt er á vinnu annarra er yfirmaður innri endurskoðunar áfram ábyrgur og honum ber að tryggja fullnægjandi rökstuðning hvað varðar niðurstöður og álit innri endurskoðunardeildarinnar.

2060 – Skýrslugjöf til stjórnenda og stjórnar

Yfirmaður innri endurskoðunar skal gefa skýrslu til stjórnenda og stjórnar með reglulegu millibili um tilgang innri endurskoðunardeildar, heimildir, ábyrgð og framgang miðað við áætlun hennar, auk samkvæmni við siðareglurnar og *staðlana*. Skýrslugjöfin þarf einnig að fjalla um veigamikil atriði sem tengjast áhættu og eftirliti, þ.m.t. misferlisáhættu, atriði varðandi stjórnarhætti og önnur atriði sem krefjast aðkomu frá stjórnendum og/eða stjórn.

Túlkun:

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (Staðlarnir)

Yfirmaður innri endurskoðunar, stjórnendur og stjórn ákveða í sameiningu tíðni og efnistöð skýrslugjafarinnar. Tíðni og efnistöð skýrslugjafarinnar er háð mikilvægi þeirra upplýsinga sem þarf að koma á framfæri og því hversu mikið liggur á að stjórnendur og/eða stjórn grípi til viðeigandi aðgerða.

Skýrslugjöf og upplýsingamiðlun yfirmanns innri endurskoðunar til stjórnenda og stjórnar skal innihalda upplýsingar um:

- Erindisbréf innri endurskoðunar.
- Óhæði innri endurskoðunardeildar.
- Endurskoðunaráætlunina og framvindu hennar miðað við áætlun.
- Auðlindaþörf.
- Niðurstöður endurskoðunarstarfsemi.
- Samkvæmni við siðareglurnar og staðlana, auk aðgerðaáætlana til að takast á við veigamikil atriði sem tengjast samkvæmni.
- Viðbrögð stjórnenda við áhættu sem, að mati yfirmanns innri endurskoðunar, kunna að vera óviðunandi fyrir fyrirtækið.

Í stöðlunum er vísað til þessara og annarra krafna sem gerðar eru til upplýsingamiðlunar af hálfu yfirmanns innri endurskoðunar.

2070 – Ytri þjónustuaðili og skipulagsleg ábyrgð á innri endurskoðun

Þegar ytri þjónustuaðili tekur að sér hlutverk innri endurskoðunar, þá skal þjónustuaðilinn gera fyrirtækinu ljóst að fyrirtækið ber ábyrgð á því að viðhalda skilvirkri innri endurskoðun.

Túlkun:

Þessi ábyrgð kemur fram í gæðamatinu og kerfi stöðugra úrbóta, sem metur samkvæmni við siðareglurnar og staðlana.

2100 – Eðli verkefna

Innri endurskoðun skal með kerfisbundum, öguðum og áhættumiðuðum hætti meta og stuðla að endurbótum á stjórnarháttum fyrirtækisins, áhættustýringu og eftirlitsferlum. Trúverðugleiki og virði innri endurskoðunar eykst þegar innri endurskoðendur starfa með forvirkum hætti og úttektir þeirra fela í sér nýja innsýn og mat á framtíðaráhrifum.

2110 – Stjórnarhættir

Innri endurskoðunardeildin skal meta og gera viðeigandi tillögur um úrbætur á ferlum í stjórnarháttum fyrirtækisins sem:

- Tengjast ákvörðunum um stefnu og rekstur fyrirtækisins.
- Tengjast yfirsýn yfir áhættustýringu og eftirlit.
- Stuðla að viðeigandi siðferði og gildismati innan fyrirtækisins.
- Tryggja virka árangurstjórnun og ábyrgð innan fyrirtækisins.
- Miðla upplýsingum um áhættu og eftirlit til viðeigandi eininga innan fyrirtækisins.
- Samhæfa verkefni og miðla upplýsingum til stjórnar, ytri og innri endurskoðenda, annarra staðfestingaraðila og stjórnenda.

2110.A1 – Innri endurskoðunardeildin skal meta skilgreiningu, innleiðingu og skilvirkni siðferðistengdra markmiða, verkefna og athafna fyrirtækisins.

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

2110.A2 – Innri endurskoðunardeildin skal meta hvort stjórnun upplýsingatæknimála fyrirtækisins sé með þeim hætti að hún styðji við stefnu og markmið fyrirtækisins.

2120 – Áhættustýring

Innri endurskoðun skal meta skilvirkni áhættustýringarferla og leggja sitt af mörkum til úrbóta á þeim.

Túlkun:

Ákvörðun um það hvort áhættustýringarferli séu skilvirk byggir á mati innri endurskoðandans um að:

- *Markmið fyrirtækisins styðji og endurspegli skilgreint hlutverk fyrirtækisins;*
- *Verulegir áhættuþættir séu greindir og metnir;*
- *Viðeigandi viðbrögð við áhættu séu valin með tilliti til áhættuvilja fyrirtækisins; og*
- *Viðeigandi upplýsingum um áhættu sé safnað og miðlað tímanlega innan fyrirtækisins til þess að gera starfsmönnum, stjórnendum og stjórn mögulegt að sinna starfsskyldum sínum.*

Innri endurskoðun getur safnað upplýsingum til að styðja þetta mat við framkvæmd margra verkefna. Niðurstaða þessara verkefna, þegar þau eru skoðuð saman, veita skilning á áhættustýringarferlum fyrirtækisins og skilvirkni þeirra.

Fylgst er með áhættustýringarferlum með stöðugum aðgerðum stjórnenda, sérstökum úttektum, eða hvoru tveggja.

2120.A1 – Innri endurskoðunardeild skal meta áhættu sem tengist stjórnarháttum fyrirtækisins, rekstri og upplýsingakerfum með tilliti til:

- Hvort markmiðum fyrirtækisins er náð;
- Áreiðanleika og heilinda fjárhags- og rekstrarupplýsinga.
- Skilvirkni og hagkvæmni rekstrar og verkefna.
- Varðveislu eigna; og
- Samkvæmni við lög, reglur, stefnuskjöl, verklagsreglur og samninga.

2120.A2 – Innri endurskoðunardeild skal meta líkur á misferli og hvernig fyrirtækið tekur á misferlisáhættu.

2120.C1 – Þegar innri endurskoðendur vinna að ráðgjafarverkefnum skulu þeir taka á áhættuþáttum sem tengjast markmiðum verkefnisins og vera vakandi fyrir öðrum verulegum áhættuþáttum.

2120.C2 – Við mat á áhættustýringu fyrirtækisins skulu innri endurskoðendur nota þá þekkingu á áhættu sem þeir hafa aflað sér í ráðgjafarverkefnum.

2120.C3 – Þegar innri endurskoðendur aðstoða stjórnendur við að koma á eða bæta áhættustýringu, skulu innri endurskoðendur forðast að taka á sig hvers konar stjórnunarlega ábyrgð á því að stýra áhættu.

2130 – Eftirlit

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

Innri endurskoðunardeild skal aðstoða fyrirtækið við að viðhalda árangursríku eftirliti með því að meta virkni og hagkvæmni þess og hvetja til stöðugra úrbóta.

2130.A1 – Innri endurskoðunardeild skal meta nægjanleika og virkni eftirlitsaðgerða til að bregðast við áhættu tengdri stjórnarháttum, rekstri og upplýsingakerfum varðandi:

- Hvort markmiðum fyrirtækisins er náð;
- Áreiðanleika og heilinda fjárhags- og rekstrarupplýsinga.
- Skilvirkni og hagkvæmni rekstrar og verkefna.
- Varðveislu eigna; og
- Samkvæmni við lög, reglur, stefnuskjöl, verklagsreglur og samninga.

2130.C1 – Þegar innri endurskoðendur meta eftirlit í fyrirtækinu skulu þeir nota vitneskju um eftirlitsferli sem þeir hafa öðlast í ráðgjafarverkefnum.

2200 – Verkefnaáætlun

Innri endurskoðendur skulu búa til og skjalfesta áætlun fyrir hvert verkefni, sem inniheldur markmið úttektarinnar, umfang, tímasetningu og úthlutun auðlinda. Áætlunin skal taka mið af stefnu fyrirtækisins, markmiðum og áhættu hvað varðar umrætt verkefni.

2201 – Athugunarefni við gerð verkefnaáætlunar

Þegar innri endurskoðendur skipuleggja verkefni skulu þeir huga að:

- Stefnu og markmiðum þeirrar starfsemi sem til skoðunar er og með hvaða hætti starfsemin fylgist með frammistöðu sinni.
- Verulegum áhættuþáttum sem tengjast þeirri starfsemi sem er til skoðunar, markmiðum hennar, auðlindum og rekstri og hvernig mögulegum áhrifum áhættu er haldið innan ásættanlegra marka.
- Því hversu fullnægjandi og árangursríkir stjórnarhættir, áhættustýring og eftirlitsferli starfseminnar eru í samanburði við viðeigandi ramma eftirlitsferla eða líkan.
- Tækifæri til að ná fram verulegum úrbótum í stjórnarháttum, áhættustýringu og eftirlitsferli starfseminnar.

2201.A1 – Við skipulag verkefnis fyrir aðila utan fyrirtækisins skulu innri endurskoðendur komast að skjalfestu samkomulagi við þá aðila hvað varðar markmið, umfang, ábyrgð hvors um sig og aðrar væntingar, þar með talið hömlur á dreifingu niðurstaðna úttektarinnar og aðgangur að vinnugögnum úttektarinnar.

2201.C1 – Innri endurskoðendur skulu að komast að samkomulagi við viðtakanda ráðgjafarinnar hvað varðar markmið, umfang, ábyrgð hvors um sig og aðrar væntingar viðskiptavinarins. Í stærri ráðgjafarverkefnum skal samkomulag aðila vera skjalfest.

2210 – Markmið verkefna

Skilgreina skal markmið fyrir hvert verkefni.

2210.A1 – Innri endurskoðendur skulu gera forathugun á áhættu sem tengist þeirri starfsemi sem til skoðunar er. Markmið verkefna skulu endurspegla niðurstöður þessa mats.

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

2210.A2 – Innri endurskoðendur skulu huga að líkum á verulegum skekkjum, misferli, ósamkvæmni og öðrum áhættuþáttum þegar þeir eru að ákveða markmið verkefna.

2210.A3 – Fullnægjandi viðmið þurfa að vera til staðar til að meta stjórnarhætti, áhættustýringu og eftirlitsaðgerðir. Innri endurskoðendur skulu ganga úr skugga um að stjórnendur og/eða stjórn hafi sett fullnægjandi viðmið um hvort takmarki og markmiðum hafi verið náð. Ef fullnægjandi viðmið eru til staðar skulu innri endurskoðendur beita þeim í mati sínu. Ef þau eru ekki til staðar skulu innri endurskoðendur vinna með stjórnendum og/eða stjórn að því að ákvarða fullnægjandi viðmið.

Túlkun:

Viðmið geta t.a.m. verið:

- *Innri viðmið (t.d. stefnuskjöl og verklagsreglur innan fyrirtækisins).*
- *Ytri viðmið (t.d. lög og reglugerðir frá opinberum aðilum).*
- *Ríkjandi starfsvenjur (t.d. leiðbeiningar innan atvinnugreinarnar og frá fagaðilum).*

2210.C1 – Markmið ráðgjafarverkefna skulu taka til stjórnarháttar, áhættustýringar og eftirlitsferla í samræmi við samkomulag við viðskiptavininn.

2210.C2 – Markmið ráðgjafarverkefna skulu vera í samræmi við gildi fyrirtækisins, stefnu og markmið.

2220 – Umfang verkefnis

Umfang verkefnis skal vera nægilegt til þess að markmiðum verkefnisins sé náð.

2220.A1 – Umfang verkefnis skal taka tillit til viðeigandi kerfa, færslna, starfsfólks og áþreifanlegra eigna, að meðtöldum þeim sem eru í vörslu þriðju aðila.

2220.A2 – Ef mikilvæg tækifæri til ráðgjafar koma upp þegar unnið er að staðfestingarverkefni, ætti að gera skriflegt samkomulag um markmið, umfang, ábyrgð aðila og aðrar væntingar og miðla niðurstöðum ráðgjafarverkefnisins í samræmi við staðla sem gilda um ráðgjöf.

2220.C1 – Þegar innri endurskoðendur vinna að ráðgjafarverkefnum skulu þeir tryggja að umfang verkefnisins sé nægilegt til að taka á þeim markmiðum sem samið var um. Ef innri endurskoðendur gera fyrirvara um umfang úttektar á meðan á verkefninu stendur skal ræða um slíka fyrirvara við viðskiptavininn til að ákvarða hvort rétt sé að halda áfram með verkefnið.

2220.C2 – Við vinnslu ráðgjafarverkefna skulu innri endurskoðendur beina sjónum sínum að eftirlitsaðgerðum sem tengjast markmiðum ráðgjafarverkefnisins og vera vakandi fyrir meiriháttar frávikum er varða eftirlit.

2230 – Úthlutun auðlinda í verkefni

Til að ná megi markmiðum verkefnis skulu innri endurskoðendur skilgreina viðeigandi og nægilegar auðlindir og byggja á mati á eðli og flækjustigi hvers verkefnis, tímamörkum og þeim auðlindum sem eru til ráðstöfunar.

Túlkun:

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

Með orðinu „viðeigandi“ er átt við blöndu af þekkingu, reynslu og annarri færni sem nauðsynleg er til að framkvæma úttektina. Með orðinu „nægilegar“ er átt við magn auðlinda sem nauðsynlegt er til að ljúka við verkefnið með fullnægjandi fagmennsku.

2240 – Verkáætlun verkefna

Innri endurskoðendur skulu búa til og skjalfesta verkáætlanir sem ná markmiðum verkefnisins.

2240.A1 – Verkáætlun skal innihalda leiðbeiningar um hvernig eigi að afla, greina, meta og skjalfesta upplýsingar meðan á verkefni stendur. Verkáætlunin skal vera samþykkt áður en hún kemur til framkvæmdar og allar breytingar á henni skal einnig að samþykka án tafar.

2240.C1 – Verkáætlun fyrir ráðgjafarverkefni geta verið mismunandi að gerð og innihaldi eftir eðli verkefnisins.

2300 – Framkvæmd verkefnis

Innri endurskoðendur skulu afla, greina, meta og skjalfesta nægilegar upplýsingar til þess að markmiðum verkefnis sé náð

2310 – Öflun upplýsinga

Innri endurskoðendur skulu afla nægilegra, áreiðanlegra, viðeigandi og gagnlegra upplýsinga til að ná markmiðum verkefnisins.

Túlkun:

Nægilegar upplýsingar byggja á staðreyndum, eru fullnægjandi og trúverðugar þannig að varfærinn og upplýstur einstaklingur myndi komast að sömu niðurstöðu og endurskoðandinn. Áreiðanlegar upplýsingar eru bestu upplýsingar sem unnt er að afla með viðeigandi úttektaraðferðum. Viðeigandi upplýsingar styðja athugasemdir og tillögur sem gerðar eru í verkefninu og eru í samræmi við markmið þess. Gagnlegar upplýsingar stuðla að því að fyrirtækið nái markmiðum sínum.

2320 – Greining og mat

Innri endurskoðendur skulu byggja ályktanir og niðurstöður verkefna á viðeigandi greiningu og mati.

2330 – Skjalfesting upplýsinga

Innri endurskoðendur skulu skjalfesta nægilegar, áreiðanlegar, viðeigandi og gagnlegar upplýsingar til að styðja við niðurstöður verkefnisins.

2330.A1 – Yfirmaður innri endurskoðunar skal stýra aðgangi að vinnugögnum verkefna. Yfirmaður innri endurskoðunar skal eftir því sem við á fá samþykki stjórnenda og/eða lögmanns áður en hann veitir ytri aðilum aðgang að slíkum gögnum.

2330.A2 – Yfirmaður innri endurskoðunar skal skilgreina geymslutíma vinnugagna, óháð því á hvaða formi þau eru geymd. Geymslutími skal vera í samræmi við leiðbeiningar fyrirtækisins og viðeigandi ákvæði laga eða aðrar kröfur.

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

2330.C1 – Yfirmaður innri endurskoðunar skal marka stefnu um vörslu og geymslutíma vinnugagna sem tengjast ráðgjafarverkefnum, og afhendingu þeirra til innri og ytri aðila. Stefnan skal vera í samræmi við leiðbeiningar fyrirtækisins og viðeigandi ákvæði laga eða aðrar kröfur.

2340 – Stjórn verkefna

Stjórna þarf verkefnum þannig að tryggt sé að markmiðum sé náð, gæði séu tryggð og hæfni starfsmanna þróist og vaxi.

Túlkun:

Umfang stjórnunar er háð hæfni og reynslu innri endurskoðenda og flækjustigi verkefnis. Yfirmaður innri endurskoðunar ber endanlega ábyrgð á stjórnun endurskoðunarverkefna, hvort sem vinnan er unnin af eða fyrir innri endurskoðun. Hann getur falið reyndum starfsmönnum innri endurskoðunar að framkvæma yfirferð. Viðeigandi skjalfesting á verkefnastjórnun er varðveitt.

2400 – Miðlun niðurstaðna

Innri endurskoðendur skulu miðla niðurstöðum verkefna.

2410 – Viðmið um miðlun

Í miðluninni skulu koma fram upplýsingar um markmið, umfang og niðurstöður verkefnisins.

2410.A1 – Í lokamiðlun á niðurstöðum úttektarinnar skulu koma fram viðeigandi niðurstöður og viðeigandi ábendingar og/eða aðgerðaáætlanir. Eftir því sem við á ættu innri endurskoðendur að láta álit sitt í ljós. Álit skal taka mið af væntingum stjórnenda, stjórnar og annarra hagsmunaaðila og það skal styðja með nægjanlegum, áreiðanlegum, viðeigandi og gagnlegum upplýsingum.

Túlkun:

Álit sem er gefið í tengslum við einstök verkefni getur falist í einkunnagjöf, niðurstöðum eða öðrum lýsingum á niðurstöðum. Slík úttekt gæti verið í tengslum við eftirlit með ákveðnu ferli, áhættu eða viðskiptaeiningu. Framsetning slíks álits krefst þess að lagt sé mat á niðurstöður verkefnisins og mikilvægi þeirra.

2410.A2 – Innri endurskoðendur eru hvattir til þess að tilgreina þætti sem teljast fullnægjandi þegar þeir miðla niðurstöðum sínum.

2410.A3 – Þegar niðurstöður úttektar eru sendar aðilum utan fyrirtækisins skal slík miðlun innihalda kröfu um takmarkanir á dreifingu og notkun á niðurstöðum.

2410.C1 – Skýrslugjöf um framgang og niðurstöður ráðgjafarverkefna er mismunandi að gerð og innihaldi eftir eðli verkefnisins og þörfum viðskiptavinarins.

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

2420 – Gæði upplýsingamiðlunar

Miðlun upplýsinga skal vera nákvæm, hlutlæg, skýr, gagnorð, uppbyggileg, heildstæð og tímanleg.

Túlkun:

Nákvæm samskipti eru laus við villur og rangfærslur og lýsa undirliggjandi staðreyndum á áreiðanlegan hátt. Hlutlæg samskipti eru sanngjörn, óhlutdræg og óvilhöll og eru afrakstur sanngjarns og veginns mats á öllum viðeigandi staðreyndum og aðstæðum. Skýr samskipti eru auðskiljanleg og rökrétt, þar sem forðast er að nota óþarfa tæknimál og allar mikilvægar og viðeigandi upplýsingar koma fram. Gagnorð samskipti eru hnitmiðuð og í þeim er forðast að vera með óþarfa útskýringar, smáatriði, endurtekningar og málalengingar. Uppbyggileg samskipti gagnast viðskiptavininum og fyrirtækinu og leiða til úrbóta þar sem þörf er á. Í heildstæðum samskiptum skortir ekkert sem er nauðsynlegt markhópnum og með þeim koma fram allar mikilvægar og viðeigandi upplýsingar og athuganir sem máli skipta til þess að rökstyðja ábendingar og niðurstöður. Tímanleg samskipti eru tímabær og hagkvæm með tilliti til þess hve ábendingin er mikilvæg, sem gerir stjórnendum mögulegt að grípa til viðeigandi aðgerða til úrbóta.

2421 – Villur og skortur á upplýsingum

Ef lokaskýrsla inniheldur verulegar villur eða í hana vantar mikilvægar upplýsingar skal yfirmaður innri endurskoðunar koma leiðréttum upplýsingum til allra þeirra aðila sem fengu upphaflegu skýrsluna.

2430 – Notkun á „Unnið í samræmi við *Alþjóðlega staðla um innri endurskoðun*“

Aðeins má gefa til kynna að „unnið sé í samræmi við *Alþjóðlega staðla um innri endurskoðun*“ ef niðurstöður úr gæðakerfi og stöðugum úrbótum styðja slíka fullyrðingu.

2431 – Upplýst um ósamkvæmni

Þegar siðareglunum eða *stöðlunum* er ekki fylgt og það hefur áhrif í tilteknu verkefni skal við miðlun niðurstaðna upplýsa eftirfarandi:

- Hvaða meginreglu/-reglum eða grein/greinum siðareglanna eða *staðlanna* var ekki fylgt að fullu.
- Ástæður fyrir ósamkvæmni.
- Áhrif ósamkvæmni á verkefnið og þeirrar niðurstöðu sem verið er að miðla.

2440 – Dreifing niðurstaðna

Yfirmaður innri endurskoðunar skal miðla niðurstöðum til viðeigandi aðila.

Túlkun:

Yfirmaður innri endurskoðunar er ábyrgur fyrir yfirferð og samþykki á endanlegri skýrslu áður en hún er gefin út og fyrir ákvörðun um það hvert og hvernig henni skuli dreift. Ábyrgðin hvílir áfram á yfirmanni innri endurskoðunar í þeim tilvikum sem hann felur öðrum þessar skyldur.

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

2440.A1 – Yfirmaður innri endurskoðunar ber ábyrgð á því að miðla endanlegum niðurstöðum til þeirra aðila sem geta tryggt að niðurstöðurnar verði teknar til tilhlýðilegrar skoðunar.

2440.A2 – Áður en yfirmaður innri endurskoðunar lætur aðila utan fyrirtækisins fá niðurstöður úttekta skal hann, ef ekki er kveðið á um annað í lögum eða reglum:

- Meta mögulega áhættu fyrir fyrirtækið;
- Ráðfæra sig við stjórnendur og/eða lögmenn eftir því sem við á; og
- Hafa stjórn á dreifingu með því að takmarka notkun á niðurstöðunum.

2440.C1 – Yfirmaður innri endurskoðunar ber ábyrgð á því að miðla endanlegum niðurstöðum ráðgjafarverkefna til viðskiptavina.

2440.C2 – Í ráðgjafarverkefnum kunna að koma í ljós atriði sem tengjast stjórnarháttum, áhættustýringu og eftirlitsaðgerðum. Þegar slík atriði skipta miklu máli fyrir fyrirtækið skal koma þeim á framfæri við stjórnendur og stjórn.

2450 – Heildarálit

Í þeim tilfellum sem gefið er út heildarálit skal það taka mið af stefnu, markmiðum og áhættu fyrirtækisins og væntingum stjórnenda, stjórnar og annarra hagsmunaaðila. Heildarálitið skal styðja með nægjanlegum, áreiðanlegum, viðeigandi og gagnlegum upplýsingum.

Túlkun:

Í miðluninni kemur fram:

- *Umfang, þar með talið það tímabil sem álitnið nær til.*
- *Takmarkanir á umfangi.*
- *Tillit til allra tengdra verkefna, þ.m.t. traust sem sett er á aðra staðfestingaraðila.*
- *Samantekt yfir þær upplýsingar sem styðja við heildarálitið.*
- *Áhættu- eða eftirlitskerfi eða önnur viðmið sem notuð eru sem grunnur að heildarálitinu.*
- *Heildarálitið, mat eða niðurstöður sem komist er að.*

Greina skal frá ástæðunum að baki neikvæðu heildaráliti.

2500 – Eftirfylgni

Yfirmaður innri endurskoðunar skal koma á og viðhalda kerfi til þess að fylgjast með afdrifum þeirra niðurstaðna sem stjórnendum hefur verið greint frá.

2500.A1 – Yfirmaður innri endurskoðunar skal koma á verklagi fyrir eftirfylgni til þess að fylgjast með og tryggja að aðgerðum stjórnenda sé hrint í framkvæmd með skilvirkum hætti eða að stjórnendur hafi sætt sig við þá áhættu sem felst í aðgerðaleyzi.

2500.C1 – Innri endurskoðun skal fylgjast með afdrifum niðurstaðna í ráðgjafarverkefnum að svo miklu leyti sem samið hefur verið um slíkt við viðskiptavininn.

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

2600 – Miðlun ákvörðunar um að bregðast ekki við áhættu

Í þeim tilvikum sem yfirmaður innri endurskoðunar kemst að þeirri niðurstöðu að stjórnendur hafi ákveðið að sætta sig við áhættu sem kann að vera óásættanleg fyrir fyrirtækið, skal yfirmaður innri endurskoðunar ræða málið við stjórnendur. Ef yfirmaður innri endurskoðunar metur það svo að málið hafi ekki verið leyst skal yfirmaður innri endurskoðunar upplýsa stjórnina um málið.

Túlkun:

Áhætta sem stjórnendur hafa ákveðið að sætta sig við getur komið fram í staðfestingar- eða ráðgjafarverkefni, við eftirfylgni með aðgerðum sem stjórnendur hafa gripið til í kjölfar fyrri úttekta, eða með öðrum hætti. Yfirmaður innri endurskoðunar ber ekki ábyrgð á ákvörðun um meðhöndlun áhættu.

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

Hugtakalisti

Alþjóðlegur rammi um innri endurskoðun

Hugmyndafræðileg umgjörð um leiðbeinandi fyrirmæli frá Alþjóðasamtökum innri endurskoðenda (IIA). Leiðbeinandi fyrirmæli samanstanda af tveimur flokkum – (1) ófrávíkjanlegum og (2) ráðlögðum.

Auðlindir²

Mannafli, verkfæri og önnur aðföng eða forði, sem innri endurskoðunardeild þarf til að geta sinnt hlutverki sínu.

Áhætta

Möguleiki á að atburður eigi sér stað sem hafi áhrif á það hvort markmiðum er náð. Áhætta er metin út frá áhrifum og líkum.

Áhættustýring

Ferli til að greina, meta, hafa umsjón með og stjórna mögulegum atburðum eða aðstæðum til að fá fullnægjandi staðfestingu á því að markmiðum fyrirtækisins verði náð.

Áhættuvilji

Það áhættustig sem fyrirtækið er tilbúið að sætta sig við.

Álit sem tengist úttekt

Einkunn, niðurstaða og/eða önnur lýsing á niðurstöðum úr einstökum úttektum innri endurskoðunar, sem tengist þeim þáttum sem koma fram í markmiðum og umfangi úttektarinnar.

Eftirlit

Sérhver sú aðgerð sem stjórnendur, stjórn og aðrir aðilar grípa til í því skyni að stýra áhættu og auka líkur á að settum markmiðum verði náð. Stjórnendur skipuleggja og stýra framkvæmd nægilegra aðgerða sem leiða til hæfilegrar vissu um að markmiðum verði náð.

Eftirlit með upplýsingatækni

Eftirlitsaðgerðir sem styðja við rekstur og stjórnarhætti fyrirtækis, og bjóða auk þess upp á almennar og tæknilegar eftirlitsaðgerðir hvað varðar innviði í upplýsingatækni, t.d. hugbúnað, upplýsingar, innviði og fólk.

Eftirlitsferli

Stefnuskjöl, verklagsreglur og verkferlar (bæði handvirkir og sjálfvirkir) og aðgerðir sem eru hluti af eftirlitsumhverfi, sem ætlað er að tryggja að áhættuþáttum sé haldið innan þeirra marka sem fyrirtækið sættir sig við.

Eftirlitsumhverfi

Viðhorf og athafnir stjórnar og stjórnenda hvað varðar mikilvægi eftirlits innan fyrirtækisins. Eftirlitsumhverfið skapar þann aga og umgjörð sem þarf til að ná meginmarkmiðum innra eftirlitskerfisins. Eftirlitsumhverfið nær m.a. til eftirfarandi þátta:

- Heilinda og siðferðilegra gilda.
- Hugmyndafræði stjórnenda og stjórnunarstíls.
- Skipulags fyrirtækis.
- Úthlutun heimilda og ábyrgðar.
- Mannauðsstefnu og starfsvenja í mannauðsmálum.

² Skýring við íslenska þýðingu.

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

- Færni starfsfólks.

Erindisbréf

Erindisbréf innri endurskoðunar er formlegt skjal sem skilgreinir tilgang innri endurskoðunar, heimildir og ábyrgð. Erindisbréf innri endurskoðunar staðfestir stjórnskipulagslega stöðu innri endurskoðunar í fyrirtækinu, veitir heimildir til aðgangs að gögnum, starfsmönnum og áþreifanlegum eignum sem máli skipta fyrir framkvæmd verkefna og skilgreinir umfang starfsemi innri endurskoðunar.

Fullnægjandi eftirlit

Það telst fyrir hendi ef stjórnendur hafa skipulagt (hannað) eftirlitið með þeim hætti að hæfileg staðfesting fái á því að áhættu fyrirtækisins hafi verið stýrt á árangursríkan hátt og að markmiðum fyrirtækisins verði náð með skilvirkum og hagkvæmum hætti.

Fyrirtæki³

Samheiti yfir fyrirtæki, stofnanir, félagasamtök og aðrar skipulagsheildir.

Hagsmunaárekstur

Hvers kyns tengsl sem eru ekki, eða virðast ekki vera, í samræmi við bestu hagsmuni fyrirtækisins. Hagsmunaárekstur myndi draga úr getu einstaklings til að sinna starfsskyldum sínum á hlutlægan hátt.

Heildarálit

Einkunn, niðurstaða og/eða önnur lýsing á niðurstöðum af hálfu yfirmanns innri endurskoðunar þar sem fjallað er um stjórnarhætti, áhættustýringu og/eða eftirlitsferli fyrirtækisins með almennum hætti. Heildarálit er faglegt mat yfirmanns innri endurskoðunar sem byggir á niðurstöðum úr mörgum sjálfstæðum úttektum og öðrum aðgerðum yfir tiltekið tímabil.

Grundvallarreglur faglegrar innri endurskoðunar

Grundvallarreglur faglegrar innri endurskoðunar leggja grunninn að alþjóðlegum ramma um innri endurskoðun og stuðla að skilvirkni innri endurskoðunar.

Hlutlægni

Óhlutdrægt andlegt viðhorf sem gerir innri endurskoðendum kleift að framkvæma verkefni þannig að þeir trú á afurð starfs síns og að ekki hafi verið slegið af neinum gæðakröfum. Hlutlægni krefst þess af innri endurskoðendum að þeir láti eigin dómgreind hvað varðar málefni endurskoðunarinnar ekki víkja fyrir áliti annarra.

Innri endurskoðunardeild

Deild, svið, ráðgjafahópur eða annar sérfræðingur/sérfræðingar sem sinna óháðri, hlutlægri staðfestingarvinnu og ráðgjafarþjónustu sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur fyrirtækisins. Innri endurskoðunardeild auðveldar fyrirtæki að ná markmiðum sínum með kerfisbundinni og agaðri nálgun til að meta og stuðla að endurbótum á stjórnarháttum, áhættustýringu og eftirlitsferlum.

Markmið úttektar

Almennar yfirlýsingar af hálfu innri endurskoðenda sem skilgreina hverju ætlunin er að ná fram með úttektinni.

³ Skýring við íslenska þýðingu.

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

Mikilvægi

Hlutfallslegt mikilvægi atriðis í samhengi við sem er til skoðunar, þ.m.t. meginlegir og eigindlegir þættir s.s. umfang, eðli, afleiðing, mikilvægi og áhrif. Fagleg dómgreind er gagnleg innri endurskoðendum þegar leggja á mat á mikilvægi atriða í samhengi við viðkomandi markmið.

Misferli

Hvers kyns ólöglegt athæfi sem einkennist af svikum, yfirhylmingu eða broti á trúnaði. Þetta athæfi þarf ekki að fela í sér hótun um ofbeldi eða líkamlega aflsmuni. Aðilar og fyrirtæki beita misferli til að komast yfir fjármuni, eignir eða þjónustu, til að komast hjá greiðslum eða missi á þjónustu, eða til að ná persónulegu eða viðskiptalegu forskoti.

Óhæði

Að vera laus við aðstæður sem ógna getu innri endurskoðunar til að sinna skyldum sínum á óhlutdrægan hátt.

Ráðgjafarþjónusta

Ráðgjöf og tengd þjónusta sem er veitt viðskiptavinum, þar sem samið hefur verið við viðskiptavininn um eðli og umfang þjónustunnar, er ætlað að vera virðisaukandi og bæta stjórnarhætti fyrirtækis, áhættustýringu og eftirlitsferli, án þess þó að innri endurskoðandi taki á sig stjórnendaábyrgð. Dæmi um þessa þjónustu er álitsgjöf, ráðgjöf, handleiðsla og þjálfun.

Samkvæmni

Samkvæmni gagnvart stefnu, áætlunum, verklagsreglum, lögum, reglugerðum, samningum eða öðrum kröfum.

Siðareglur

Siðareglur Alþjóðasamtaka innri endurskoðenda (IIA) eru meginreglur sem varða faggreinina innri endurskoðun og framkvæmd hennar og háttarnisreglur sem lýsa því atferli sem búist er við af innri endurskoðendum. Siðareglurnar gilda bæði um aðila og einingar sem sjá um innri endurskoðun. Tilgangurinn með siðareglunum er að stuðla að góðu siðferði í innri endurskoðun í alþjóðlegu samhengi þeirrar faggreinar.

Skal

Í stöðlunum er orðið „skal“ notað til þess að auðkenna ófrávíkjanlega kröfu.

Skerðing

Skerðing á stjórnskipulagslegu óhæði og hlutlægni einstaklinga getur falið í sér persónulega hagsmunaárekstra, skorður á umfangi, takmarkanir á aðgangi að gögnum, starfsfólki eða eignum og takmörkuðum auðlindum (fjármunum).

Staðall

Fagleg yfirlýsing frá alþjóðlegu staðlaráði innri endurskoðenda⁴ þar sem settar eru fram kröfur vegna framkvæmdar ýmissa aðgerða við innri endurskoðun og mats á árangri innri endurskoðunar.

Staðfestingarvinna

Hlutlæg athugun á sönnunargögnum í þeim tilgangi að láta í té óháð mat á stjórnarháttum, áhættustýringu og eftirlitsferlum fyrirtækis. Dæmi um þetta eru úttektir á fjárhagslegum þáttum, árangri, samkvæmni, öryggi kerfa og kostgæfniathuganir.

⁴ The International Internal Audit Standards Board

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (*Staðlarnir*)

Stjórn

Æðsta stjórnarvald (t.d. stjórn fyrirtækis, eftirlitsstjórn, stjórnarnefnd eða fulltrúaráð) sem ber ábyrgð á því að stýra og/eða hafa eftirlit með starfsemi og stjórnendum fyrirtækisins. Þótt tilhögun stjórnarhátta sé mismunandi eftir lögsagnarumdæmum og atvinnugreinum eru yfirleitt einstaklingar í stjórn sem ekki eru í stjórnunarstöðu innan fyrirtækisins. Ef engin stjórn er starfandi vísar orðið „stjórn“ í stöðlunum til þess hóps eða einstaklings sem stjórnar fyrirtækinu. Auk þess getur orðið „stjórn“ í stöðlunum vísað til nefndar eða annars aðila sem stjórnin hefur úthlutað tilteknu hlutverki (t.d. endurskoðunarnefndar).

Stjórnarhættir

Sambland ferla og skipulags sem stjórn hefur komið á til að upplýsa um, fyrirskipa, stýra og fylgjast með aðgerðum fyrirtækisins sem miða að því að uppfylla markmið þess.

Stjórnarhættir upplýsingatækni

Samanstendur af forystu, skipulagi fyrirtækis og ferlum sem tryggja að upplýsingatækni fyrirtækisins styðji við stefnu þess og markmið.

Tölvuvæddar endurskoðunaraðgerðir

Hvers kyns tölvuvædd endurskoðunarverkfæri, s.s. almennur endurskoðunarhugbúnaður, hugbúnaður til framleiðslu prófanagagna, tölvuvædd endurskoðunarferli, sérhæfð hjálparforrit fyrir endurskoðun og tölvuvæddar endurskoðunaraðgerðir.

Utanaðkomandi þjónustuaðili

Einstaklingur eða fyrirtæki utan fyrirtækisins sem býr yfir sérstakri þekkingu, hæfni og reynslu á tilteknu sviði.

Úttekt

Tiltekið viðfangsefni innri endurskoðunar, verkefni eða skoðun, s.s. innri endurskoðun, yfirferð sjálfsmats á eftirlitsaðgerðum, rannsókn misferlis eða ráðgjöf. Úttekt getur samanstáð af mörgum verkþáttum eða aðgerðum sem ætlað er að ná tilteknum og tengdum markmiðum.

Verkátun úttektar

Skjal sem útlistar þær verklagsreglur sem á að fylgja í úttektinni og ætlað er að framfylgja úttektaráætluninni.

Virðisauki

Innri endurskoðun er virðisaukandi fyrir fyrirtækið (og hagsmunaaðila þess) þegar hún veitir hlutlæga og viðeigandi staðfestingu, og stuðlar að áhrifaríkum og skilvirkum stjórnarhættum, áhættustýringu og eftirlitsferlum.

Yfirmaður innri endurskoðunar

Yfirmaður innri endurskoðunar lýsir hlutverki einstaklings í yfirmannsstöðu sem ber ábyrgð á skilvirkri stjórnun innri endurskoðunardeildar í samræmi við erindisbréf innri endurskoðunar og ófrávíkjanlegan hluta alþjóðlegs ramma um innri endurskoðun. Yfirmaður innri endurskoðunar eða aðrir einstaklingar sem heyra undir yfirmann innri endurskoðunar skulu vera með viðeigandi fagvottanir og búa yfir viðeigandi hæfni. Nákvæmt starfsheiti og/eða skyldur yfirmanns innri endurskoðunar kunna að vera með ólíkum hætti eftir fyrirtækjum.

Ætti

Í stöðlunum er orðið „ætti“ notað þar sem ætlast er til samkvæmni, nema í þeim tilvikum þegar faglegt mat á aðstæðum réttlætir frávik.
